

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 40.000.

Þriðjudaginn 29. apríl 1986.

Nr. 3/1986.

**Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Guðmundi Bøðvarssyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Ákæra. Reynslulausn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1985, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu gerð krafa um að refsing ákærða verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar 1986.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Ákærði vissi að ekki var inni-stæða á reikningi nr. 50231 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, er hann gaf út tékka þann, sem í máli þessu er fjallað um. Hann fékk Valdimar Hall Sigþórsson til þess að leggja tékkafjánhæðina inn á reikning Máttar hf. nr. 1238 við Útvegsbanka Íslands. Tékkinn var stílaður á handhafa en ekki á viðtökubankann. Hlaut ákærða því vera ljóst, að eftir venjulegum bankareglum yrði Valdimar Hallur að framselja tékkann til þess að hann yrði keyptur. Við framsalið varð Valdimar Hallur tékkaskuldari, en hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hver réttaráhrif fælust í því að rita nafn sitt á bakhlið tékkans. Með þessari háttsemi gerðist ákærði brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var

brotið fullframið er Valdimar Hallur hafði með nafnritun sinni gerst tékkaskuldari. Hegningarlagaákvæðið tæmir sök ákærða þannig að sýkna ber ákærða af ákæru vegna brots á 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977 að því er hegðun hans gagnvart Valdimari Halli varðar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði ríkissaksóknari ákæru þannig, að með tilvísun í tékkalög í henni væri ákært fyrir brot ákærða á þeim lögum gegn Útvegsbanka Íslands með því að gefa tékkann út án innistæðu og leggja fyrir um sölu hans í bankanum. Slík skýring samrýmist ekki orðalagi verknaðarlýsingar í ákæru, sem greind er í héraðsdómi. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir það sérstaklega.

Brot ákærða var framið áður en honum var veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar hinn 31. desember 1983. Kemur því eigi til álita að beita 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga við ákvörðun refsingar.

Refsing ákærða, sem ákveða ber eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1985.**

Ár 1985, miðvikudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1985: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Böðvarssyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dag-

settu 19. júlí 1984 á hendur ákærða Guðmundi Böðvarssyni verslunarmanni, Æsufelli 4 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. mars 1958.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir fjársvik og tékkabrot, með því að hafa þann 31. mars 1982, þá einn af forráðamönnum fyrirtækisins Máttur hf., Reykjavík, fengið Valdimar Sigþórsson, Stelkhólum 8, Reykjavík, til að fara með tékka að fjárhæð kr. 141.000,00 í Útvegsbanka Íslands, aðalbankann Reykjavík, og leggja hann þar inn á hlaupareikning félagsins nr. 1238, en greindan tékka hafði ákærði gefið út í nafni félagsins á hlaupareikning þess nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og stílað hann til handhafa en með sviksamlegum hætti leynt Valdimar því að eigi var næg innistæða á hlaupareikningi nr. 50231 fyrir tékkanum, allt með þeim afleiðingum að Valdimar, sem framseldi tékkann í Útvegsbankanum persónulega í góðri trú um að fyrir honum væri næg innistæða, tók þar með á sig greiðsluábyrgð á tékkanum og varð seinna að setja tryggingu fyrir greiðslu hans þar sem hvorki ákærði né Máttur hf. höfðu fjárhagslega getu til að leysa tékkann til sín.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr. en til vara við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ennfremur við 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir eru þessir:*

Hinn 31. mars 1982 kom Valdimar Hallur Sigþórsson sjómaður, Stelkhólum 8 í Reykjavík við í fyrirtækinu Mætti hf., umboðs- og heildverslun, sem var til húsa í Hafnarstræti 15 í Reykjavík.

Einn eigenda fyrirtækisins, ákærði Guðmundur Böðvarsson, fékk Valdimar Hall til að fara með innlegg fyrir sig í Útvegsbankann, aðalbanka, og leggja það inn á hlaupareikning fyrirtækisins í bankanum nr. 1238. Fékk Valdimar Hallur í hendur í þessu skyni tékka þann að fjárhæð 141.000 krónur sem um ræðir í máli þessu útgefinn á hlaupareikning félagsins nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ritaði Valdimar Hallur innleggsnotu og framseldi tékkann með eigin nafni.

Síðar komst Valdimar Hallur að því að ekki hafði verið til innistæða fyrir tékkanum og var honum stefnt til að borga tékkafjárhæðina að frádreginni innistæðu sem var á reikningnum. Hljóðaði krafan á 116.003,88 krónur auk kostnaðar.

Hinn 4. október 1982 voru Máttur hf. og Valdimar Hallur dæmdir í Bæjarþingi Reykjavíkur in solidum til þess að greiða Útvegsbanka Íslands 116.003,88 krónur með dráttarvöxtum og 12.973,00 krónur í málskostnað.

Valdimar Hallur gaf vegna skuldarinnar út hinn 27. júlí 1983 veðskulda-bréf að fjárhæð 150.000 krónur, en það var þinglýst á 5. veðrétti í íbúð

hans í Stelkshólum 8. Þá gaf ákærði út sama dag vegna skuldarinnar skuldabréf að fjárhæð 80.000 krónur með sjálfskuldarábyrgð Valdimars Halls. Átti að greiða af báðum bréfunum með 12 afborgunum á 2 mánaða fresti frá 1. október 1983. Loks gaf ákærði hinn 19. ágúst 1983 út tryggingarvixil að fjárhæð 250.000 krónur fyrir skuldinni og lét Valdimar Hall hafa. Voru á honum ábyrgðarmenn sameigendur ákærða að Mætti hf.

Eiginkona Valdimars Halls kærði framangreinda tékkaútgáfu til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir hans hönd hinn 16. maí 1984 og sagði veðskuldabréfið í vanskilum og árangurslaust hefði verið leitað til ákærða um að greiða af því og hvorki hann né sameigendur hans hefðu greitt af vixlinum.

Ákærði viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu 25. maí 1984 að hafa látið Valdimar Hall sinna framangreinu erindi fyrir sig. Kvaðst ákærði hafa vitað að ekki var til innistæða fyrir tékkanum í Sparisjóðnum. Kvaðst hann hafa átt von á peningum en þeir hefðu ekki komið og tékkinn því farið í vanskil. Neitaði ákærði alfarið að hafa misnotað Valdimar Hall í máli þessu. Hann kvað Valdimar Halli ekki hafa verið kunnugt að tékkinn væri innistæðulaus og ekki hefði hann sagt honum það.

Ákærði kvað reikningnum í Sparisjóðnum hafa verið lokað viku eftir útgáfu tékkans. Sagði ákærði að það hefði ekki verið ætlun hans að Valdimar Hallur framseldi tékkann og mistök sín að gefa hann út á handhafa. Kvaðst hann ekki hafa vitað um það, fyrr en innheimtuaðgerðir voru hafnar, að Valdimar Hallur hefði framselt tékkann.

Við meðferð málsins skýrir ákærði svo frá að sakargiftum sé rangt lýst í ákærinni og sé hann ekki sekur um fjársvik og tékkabrot.

Ákærði kannast við að hafa gefið út þann 141.000 króna tékka, sem lýst er í ákærinni. Segir ákærði að gerð tékkans sé þar rétt lýst. Ákærði kannast við að hafa vitað að ekki var næg innistæða fyrir tékkanum þegar hann gaf hann út og fékk hann Valdimar Halli í hendur hinn 31. mars 1982 í því skyni að hann færi með hann í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, til að leggja hann þar inn á hlaupareikning fyrirtækisins Máttar hf., en ákærði var einn af þrem prókúruhöfum fyrirtækisins sem allir höfðu heimild til að gefa út tékka á reikning fyrirtækisins í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Ákærði segir að Valdimar hefði boðist til að fara með tékkann í bankann til að leggja hann inn á reikning fyrirtækisins þar sem hann átti erindi þangað sjálfur. Ákærði telur að Valdimar hafi vitað að tékkinn var innistæðulaus, en honum hafi verið kunnugt um að fyrirtækið legði inn innistæðulausa tékka á reikninga fyrirtækisins af og til vegna vöruútleysinga. Segir ákærði að Valdimar hafi haft í flimtingum, þegar hann tók við tékkanum, að hart væri að vera sendill fyrir stórgrössera með gúmmítékka. Á þessu

byggir ákærði þá skoðun sína að Valdimar hafi verið kunnugt um inni-stæðuleysi tékkans. Þetta kom þó ekki fram berum orðum með því að ákærði segði Valdimar frá inni-stæðuleysi tékkans.

Ákærði segist hafa átt von á 15.000 DM frá Deutsche Extrakt Cafee GmbH í Hamborg sem styrk vegna auglýsinga, og átti að leggja þetta fé inn á gjaldeyrisreikning fyrirtækisins í Útvegsbankanum og yfirfæra síðan á reikning fyrirtækisins í sparisjóðnum. Þessir peningar brugðust en þeirra var von næsta dag eftir útgáfu tékkans.

Ákærði kveðst nú vera búinn að greiða höfuðstól tékkans en ógreiddir séu vextir og kostnaður. Þetta kveðst ákærði hafa greitt úr eigin vasa en ekki úr sjóðum Máttar hf.

Ákærði segir, að Máttur hf. hafi ekki haft starfsemi með höndum sl. eitt og hálf ár (upplýst í janúar 1985) og því ekki haft tók á að greiða tékkann. Þá segir ákærði að fyrirtækið skuldi víðar.

Ákærði segist vera búinn að semja við Útvegsbanka Íslands um að greiða eftirstöðvar skuldarinnar á þessu ári.

Ákærði hefur staðfest skýrslu sína hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann tekur fram að sér hafi láðst að geta þess hjá rannsóknarlögreglunni að Valdimar Hallur muni hafa vitað um inni-stæðuleysið þótt ekki hafi verið rætt um það berum orðum.

Vitnið Valdimar Hallur skýrði svo frá við meðferð málsins að það hafi komið oft í heimsókn í húsakynni Máttar hf. í Hafnarstræti 15 í Reykjavík en einn eigenda fyrirtækisins er frændi eiginkonu vitnisins.

Vitnið kom í heimsókn í Mátt hf. hinn 31. mars 1982 einu sinni sem oftast. Kom fram í viðræðum ákærða og vitnisins, að það ætti erindi í Útvegsbankann. Einnig kom fram, að ákærði þyrfti að láta leggja inn á hlaupareikning fyrirtækisins þar í bankanum. Tók vitnið að sér að gera þetta og fór úr húskynnum fyrirtækisins með tékka að fjárhæð 141.000 krónur, gefinn út í nafni félagsins af ákærða á hlaupareikning fyrirtækisins nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Var tékkinn stílaður á handhafa. Í bankanum fyllti vitnið út innleggsnótu og ritaði nafn sitt sem innleggjanda. Vitnið afhenti gjaldkera innleggsnótuna og tékkann. Að beiðni gjaldkerans ritaði vitnið nafn sitt sem framseljandi á tékkann.

Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hvaða réttaráhrif fælust í því að rita nafn sitt á bakhlið tékkans.

Vitnið minnr að það hafi fyrir þennan tíma veriðúið að fara með sams konar innlegg á sama reikning fyrir fyrirtækið í tvö eða þrjú skipti.

Vitnið minnr að það hafi komið af sjálfu sér að það tók að sér að reka áðurgreint erindi fyrir ákærða. Það minnr þess ekki að hafa verið beiðið um eða boðist til að reka framangreint erindi.

Vitnið segir að ákærði hafi ekki beiðið það sérstaklega að framselja tékk-

ann. Vitnið segir að ekki hafi komið fram hjá ákærða að tékkinn væri innistæðulaus.

Vitnið segist ekki enn hafa þurft að leggja fram fé úr eigin vasa vegna þeirrar ábyrgðar sem það tókst á hendur með framsali tékkans. Það telur að búið sé að greiða 60-70 þúsund krónur inn á tékkann. Hefur ákærði gert það einn að sögn vitnisins.

Vitnið mótmælir að hafa vitað eða grunað að ekki væri til innisæða fyrir tékkanum. Þá kannast vitnið ekki við að því hafi verið kunnugt að fyrirtækið legði inn innistæðulausa tékka af og til á reikninga sína. Ekki kannast vitnið við tal sitt um „stórgrössera með gúmmítékka.“

Ákærði heyrði framburð vitnisins og segir af því tilefni að vera megi að tal hans um „stórgrössera með gúmmítékka“ hafi ekki við rök að styðjast.

Ákærði vill draga þann framburð sinn til baka að hann telji, að vitninu hafi verið kunnugt um innistæðuleysi tékkans og annarra tékka.

Vitnið upplýsir að það og ákærði hafi í sameiningu samið við Útvegsbankann um greiðslu á skuldinni vegna tékkans og tryggingum vegna hennar.

Ekki hafa fengist upplýsingar frá Útvegsbankanum um greiðslur á skuldinni.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitnisins Valdimars Halls, er sannað að ákærði fékk vitnið til að fara með greindan tékka og leggja hann inn á hlaupareikning fyrirtækis síns í Útvegsbankanum. Vissi ákærði þá að ekki væri til innistæða fyrir tékkanum. Hann skýrði hins vegar ekki Valdimar Halli frá þessu, en hann framseldi tékkann án þess að gera sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem hann þá tók á sig og þeim afleiðingum sem henni fylgdu og raktar hafa verið. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir, svo og reynsiulausn:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 410.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., og

37. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting í 12 mánuði frá 15.3. 1980.
- 1982 25/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Dómur: 5 mánaða fangelsi og 15.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1982 15/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-  
kveðinn 25.1. 1982: 5 mánaða fangelsi, svo og 20.000 kr. sekt.
- 1983 29/6 í Reykjavík: Dómur: 9.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 17.5. 1983.
- 1983 5/8 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Dómur: 1½ mánaðar fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1983 31/12 í Reykjavík: Reynslulausn á eftirstöðvum refsingar 66 dögum í 2 ár.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefur ekki rofið skilorð reynslulausnarinnar og þykir því rétt að láta þá ákvörðun standa. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Vitnið Valdimar Hallur kveðst engar fébótakröfur ætla að hafa uppi í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.